



Febrúar 2026

Úttekt

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða



Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið hefur áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Útgefandi

Embætti landlæknis

Katrínartún 2

105 Reykjavík

S. 510 1900

mottaka@landlaeknir.is

www.landlaeknir.is

© 2026 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
AÐFERÐ	4
UMFANG STARFSEMINNAR	4
STEFNA OG STJÓRNUN	5
STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA	6
<i>Heilsugæslusvið</i>	6
<i>Sjúkrasvið</i>	8
GÆÐI OG ÖRYGGI	9
<i>Gæða- og umbótastarf</i>	10
<i>Gæðahandbók</i>	10
<i>Gæðavísar</i>	10
<i>Skráning í sjúkraskrá</i>	11
<i>Atvikaskráning</i>	11
<i>Sjónarhorn notenda</i>	11
MANNAUÐSMÁL	11
<i>Mönnun</i>	11
<i>Starfsumhverfi</i>	12
<i>Sí- og endurmenntun</i>	12
HÚSNÆÐI OG AÐBÚNAÐUR	13
<i>Ísafjörður</i>	13
<i>Patreksfjörður</i>	13
MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS	13
<i>Ábendingar embættis landlæknis</i>	15
<i>Tilmæli embættis landlæknis</i>	15

Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum. Liður í slíku eftirliti eru úttektir á heilbrigðisstofnunum og við þær hefur embættið m.a. til hliðsjónar [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sbr. 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu. Í eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að [árangursríkasta leiðin](#) til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Á vormánuðum 2025 fór fram úttekt embættis landlæknis á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (H Vest). Tilefni úttektarinnar var reglubundið eftirlit embættisins með heilbrigðisþjónustu en embættið hefur markvisst unnið að úttektum á heilbrigðisstofnunum heilbrigðisumdæma landsins. Jafnframt lágu fyrir upplýsingar hjá embættinu um ófullnægjandi mönnun lækna á H Vest. Eins og jafnan á við í úttektum sem þessari er einnig litið til ábendinga, kvartana og atviktilkynninga sem embættinu hafa borist varðandi þjónustuna. Úttektin náði til sjúkrahús- og heilsugæsluþjónustu heilbrigðisumdæmisins með áherslu á stærstu starfsstöðvar umdæmisins þ.e. á Ísafirði og Patreksfirði. Úttektin tók til atriða er varða stefnumörkun, stjórnun, öryggi þjónustunnar, mönnun, starfshætti, sem og gæða- og umbótastarf.

Í þessari skýrslu er almennt ekki fjallað um þætti sem voru skoðaðir en leiddu ekki til athugasemda, ábendinga og/eða tilmæla.

Skýrslan er send heilbrigðisráðuneyti til kynningar og í framhaldi birt á heimasíðu embættis landlæknis.

Embættið þakkar stjórnendum og starfsfólki H Vest góða samvinnu við úttektina.


Aðferð

Í úttektinni var stuðst við lög og reglugerðir og ýmis opinber gögn. Aflað var gagna um starfsemina frá stjórnendum H Vest og einnig voru skoðuð fyrirliggjandi gögn hjá embætti landlæknis þ.e. starfsemissupplýsingar, ábendingar, kvartanir og tilkynningar um alvarleg atvik. Tölulegar upplýsingar í þessari skýrslu eru frá stjórnendum H Vest og embætti landlæknis.

Fulltrúar embættisins heimsóttu H Vest 5. maí og 6. maí 2025 og svo aftur 19. júní sama ár. Í heimsóknunum var húsnæði sjúkrahússins og heilsugæslunnar á Ísafirði skoðað og einnig heilsugæsla og hjúkrunar- og legudeild á Patreksfirði. Haldinn var fundur með framkvæmdastjórn H Vest þar sem m.a. var farið yfir markmið og tilgang úttektarinnar og farið yfir þau gögn sem H Vest hafði sent embættinu. Jafnframt kynntu stjórnendur H Vest starfsemina. Fulltrúar embættisins tóku í framhaldinu viðtöl við 15 starfsmenn H Vest á Ísafirði og á Patreksfirði. Í viðtölunum var stuðst við fyrir fram ákveðinn viðtalsramma. Ekki var rætt við notendur í tengslum við úttektina en H Vest leggur reglulega fyrir þjónustukönnun og fékk embættið afrit af niðurstöðum könnunar sem birtar voru í mars 2025.

Umfang starfseminnar

Á [heimasíðu H Vest](#) kemur fram að stofnunin varð til í núverandi mynd árið 2014 við sameiningu þáverandi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði og er þjónustusvæðið víðfeðmt. Meðalfjöldi íbúa í heilbrigðisumdæminu árið 2024 var 6.355,5 og í lok árs 2025 voru 6.129 einstaklingar skráðir á heilsugæslustöðvar í umdæmi H Vest, sjá mynd 1. Stærstu starfsstöðvar H Vest eru á Ísafirði, þar sem rekið er sjúkrahús, heilsugæsla og hjúkrunarheimilið Eyri, og á Patreksfirði en þar er samþætt legu- og hjúkrunardeild auk heilsugæslu. Í Bolungarvík er hjúkrunarheimilið Berg og heilsugæslusel. Á Þingeyri er hjúkrunarheimilið Tjörn og heilsugæslusel. Á Bíldudal, Flateyri, í Súðavík, á Suðureyri og í Tálknafirði eru heilsugæslusel. Við H Vest starfa að jafnaði 270 manns í um 227 stöðugildum.



Mynd 1. Fjöldi einstaklinga sem skráðir voru á heilsugæslustöðvar í umdæminu 2022 - 2025.

Stefna og stjórnun


Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í [Heilbrigðisstefnu – stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030](#).

Í ársskýrslu HWest fyrir 2024 sem birt er á heimasíðu HWest kemur fram að stefna stofnunarinnar sé að veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu í umdæminu og að gildi stofnunarinnar eru; virðing, samvinna, traust og jákvæðni.

Forstjóraskipti urðu á HWest í lok árs 2023 en þá hætti þáverandi forstjóri störfum og var framkvæmdastjóri hjúkrunar settur forstjóri tímabundið þar til nýr forstjóri tók við í mars 2024. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur mótað stefnumiðaða áætlun fyrir tímabilið 2024–2026 sem byggir á kjarnastarfsemi heilbrigðisþjónustu í umdæminu og leggur áherslu á faglega og samþætta þjónustu, sýnileika í samfélaginu, stöðugar umbætur, virðingu í mannauðsmálum og hagkvæmni í rekstri. Vinna við starfsáætlun og stefnumótun stjórnenda í samvinnu við starfsfólk stofnunarinnar hófst á haustmánuðum 2025.

Nýtt skipurit HWest tók gildi 1. janúar 2025, sjá mynd 2. Skipuritið vísar til formlegrar ábyrgðar á starfsfólki. Stjórnskipulegar einingar HWest skiptast í svið eftir viðfangsefnum þ.e. hjúkrunarsvið, sjúkrasvið og heilsugæslusvið og eru þau undir sameiginlegri ábyrgð allrar framkvæmdastjórnar. Svið stofnunarinnar koma ekki fram með beinum hætti í skipuritinu. Margar deildir tilheyra fleiri en einu sviði. Dekkri litur vísar til deildarstjóra, hvítir reitir utan framkvæmdastjórnar vísa til starfsmanns eða fleiri starfsmanna.

Til að tryggja gott upplýsingaflæði er skipulag HWest varðandi fundi með eftirfarandi hætti: Fundir framkvæmdastjórnar eru haldnir vikulega. Fundir stjórnenda þ.e.a.s. deildarstjóra og annarra millistjórnenda eru haldnir mánaðarlega. Almennir starfsmannafundir eru haldnir ársfjórðungslega.



Mynd 2. Skipurit Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Heimild: [Heimasíða HVest. 2025](#).

Starfsemi og þjónusta


Hlutverk HVest er að veita almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða samkvæmt [reglugerð](#) um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa, nr. 1111/2020.

Heilsugæslusvið

HVest rekur tvær megin starfsstöðvar og sjö heilsugæslusel. Farið er á heilsugæsluselin að meðaltali einu sinni í viku en engin föst viðvera er þar. Tvær megin starfsstöðvar HVest eru annars vegar á Ísafirði og hins vegar á Patreksfirði.


Tölulegar upplýsingar um starfsemi heilsugæslustöðva, þar á meðal heilsugæslustöðva HVest, eru birtar í [gagnvirku mælaborði á vef embættis landlæknis](#)¹. Ekki eru birt gögn niður á heilsugæslusel. Mynd 3 sýnir árlegan fjölda allra samskipta við heilsugæslustöð á hvern íbúa í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu árin 2021 til og með 2025. Að meðaltali eru 6,3 samskipti á ári við heilsugæslustöð fyrir hvern skráðan íbúa í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða á þessum tíma og er sá fjöldi minni en meðalfjöldi samskipta íbúa í öðrum heilbrigðisumdæmi á landsbyggðinni að frátöldum Suðurnesjum þar sem meðalfjöldi er 5,2 samskipti á ári.

¹ Tölulegar upplýsingar miða við öll samskipti sem eiga sér stað á heilsugæslu umdæmis hvort sem einstaklingurinn sem fær þjónustu er skráður sem íbúi umdæmisins eða ekki.




Mynd 3. Árlegur fjöldi samskipta á hvern íbúa eftir heilbrigðisumdæmum árin 2021- 2025.

Mynd 4 sýnir tíðni mismunandi samskiptaforma á hvern skráðan íbúa á heilsugæslustöðvum Hvest árin 2021-2025. Hefðbundin viðtöl eru algengasta samskiptaformið en rafræn samskipti, þ.e.a.s. samskipti í gegnum Heilsuveru og símtöl eru einnig algeng. Vitjanir eru hlutfallslega fáar en þjónustusvæði Hvest er víðáttumikið og aðstæður oft erfiðar, sérstaklega á veturna.



Mynd 4. Tegund samskipta á hvern skráðan íbúa á heilsugæslustöðvum á Vestfjörðum árin 2022-2025.

Á tímabilinu 2022-2025 eru árlega að meðaltali um 1,7 viðtöl við lækni á hvern íbúa á Vestfjörðum sem er svipaður fjöldi og er í öðrum heilbrigðisumdæmum að frátöldu Austurlandi þar sem flest læknisviðtöl eru á hvern íbúa (mynd 5). Með ráðningu danskra lækna hefur biðtími hjá lækni á heilsugæslunni minnkað úr 6 vikum niður í nokkra daga að meðaltali.



Mynd 5. Viðtöl við lækna á heilsugæslustöð á hvern íbúa eftir heilbrigðisumdæmum árin 2021-2025.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða eru hjúkrunarmóttökur á bæði Patreksfirði og Ísafirði. Auk almennra verkefna heilsugæsla má nefna að starfrækt er göngudeild sykursjúkra og samkvæmt stjórnendum er í burðarliðnum að útfæra sykursýkisgöngudeildina í heilsuefandi móttöku. Boðið er upp á mæðraeftirlit og ungbarnavernd. Einnig er boðið upp á almennar bólusetningar, bólusetningar gegn influensu og ferðamannabólusetningar. Stoðkerfismóttaka er hjá sjúkrahjálfa og mikil samvinna er við geðheilsuteymi og utanumhald um skjólstæðinga með langvinna og alvarlega geðsjúkdóma.

Á H Vest eru starfandi geðheilsuteymi fyrir fullorðna og börn. Geðheilsuteymi fullorðinna hjá H Vest er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem glíma við andlega vanlíðan og/eða eru greindir með geðsjúkdóm og þurfa á þverfaglegri aðstoð ásamt þéttri eftirfylgd að halda. Þjónustan fer fram með viðtölum á starfsstöðvum geðheilsuteymisins eða fjarfundabúnaði eftir því hvað henta þykir hverju sinni. Teymið sinni öllu heilbrigðisumdæminu og er með reglulega viðveru á Patreksfirði. Í geðheilsuteymi barna er veitt þverfagleg þjónusta í samvinnu við barnavernd, félagsþjónustu og skóla í umdæminu. Samstarf er við barna- og unglingageðdeild Landspítala, Geðheilsumiðstöð barna og Ráðgjafar- og greiningarstöð. Barnasálfræðingur kemur tvisvar sinnum í mánuði á Ísafjörð og einu sinni í mánuði á Patreksfjörð. Mikið er um að meðferð í bæði geðheilsuteymi fullorðinna og geðheilsuteymi barna fari fram með notkun fjarfundabúnaðar og er eitt herbergi á H Vest Ísafirði sérstaklega útbúið fyrir slíkt.

Í úttektarheimsókn embættisins til H Vest Ísafirði kom fram að sjálfstætt starfandi tannlæknar hefðu um langt skeið veitt almenna tannlæknaþjónustu í húsnæði stofnunarinnar, svo og sérhæfða tannlæknaþjónustu fyrir einstaklinga með fötlun. HVEST hefur veitt svæfingapjónustu þegar þess hefur verið þörf. Óvissa er um áframhaldandi tannlæknaþjónustu innan stofnunarinnar.

Sjúkrasvið

Embætti landlæknis birtir á vefsíðu sinni tölulegar upplýsingar um [starfsemi heilbrigðisstofnana](#).

Í [skýrslu heilbrigðisráðuneytisins frá 2021](#) kemur fram að sjúkrahúsið á Ísafirði, sem heyrir undir H Vest, þjóni íbúum Vestfjarða og veiti íbúum fjórðungsins, gestum, ferðafólki og sjófarendum á Vestfjarðamiðum bráðaþjónustu. Þar er veitt almenn sjúkrahúsþjónusta, bráðaþjónusta, fæðingarþjónusta og ýmis göngudeildarþjónusta m.a. blóðskilun og gjöf krabbameinslyfja. Gerðar eru bráðaaðgerðir t.d. botnlangataka og keisara-

skurðir. Þá eru einnig gerðar valaðgerðir t.d. kviðslitsaðgerðir, ófrjósemisaðgerðir og þungunarrof. Tegund valaðgerða fer eftir þeirri mönnun (þekkingu og reynslu skurðlæknis) sem er við störf á hverjum tíma.

Á sjúkradeild sjúkrahússins á Ísafirði eru 15 legurými auk fjögurra endurhæfingarplássra fyrir aldraða. Endurhæfingarpláss fyrir aldraða er úrræði sem er samstarf sjúkradeildar og við heimahjúkrunar HWest og gerir öldruðum kleift að leggjast inn í styttri innlagnir eða í dagdvöl og með því lengja þann tíma sem viðkomandi getur búið heima. Rúmanýting á sjúkradeild á Ísafirði hefur verið að meðaltali 68% sl. 4 ár, sjá töflu 1. Á Patreksfirði eru tvö legurými skilgreind sem sjúkrarými.

Endurhæfing er í boði á Patreksfirði og Ísafirði. Á Ísafirði er sjúkraþjálfari sem er sérhæfður í endurhæfingu barna. Gerðar hafa verið miklar endurbætur á húsnæði og búnaði sjúkraþjálfunar á Patreksfirði og er aðstaða til endurhæfingar þar nú með besta móti.

Sjúkrahúsið Ísafirði	2022	2023	2024	2025
Fjöldi innlagna	592	497	575	621
Meðallegutími, dagar	7,4	7,5	5,2	5,1
Rúmanýting	74%	71%	65%	69%

Tafla 1. Helstu starfsemistölur sjúkrahússins á Ísafirði 2022-2025.

Á tímabilinu 2014-2021 voru 29-40 fæðingar á ári hverju á HWest. Árið 2022 voru fæðingar 24 en aðeins 16 árið 2023. Árið 2024 voru fæðingar 28 á HWest og 31 árið 2025. HWest hefur hin síðari ár lagt áherslu á fæðingarþjónustu og voru miklar umbætur gerðar nýlega á fæðingarstofu, bæði húsnæði og búnaði. Sjúkrahúsið á Ísafirði er flokkað sem fæðingarstaður C1 í leiðbeiningum landlæknis um [val á fæðingarstað frá 2007](#). Þær leiðbeiningar eru nú í endurskoðun. Stöðugildi ljósmæðra við stofnunina eru 2,05. Læknir á sjúkradeild er viðstaddur allar fæðingar sem og hjúkrunarfræðingar sem allir hafa sérþjálfun í endurlífgun nýbura. Hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun í svæfingahjúkrun sinnir svæfingum á stofnuninni en enginn svæfingalæknir hefur hins vegar verið í föstu starfi við stofnunina. Reynt er að fá svæfingalækna í verktöku og hefur m.a. einn komið reglulega í allt að 6 vikur á ári. Nýburaskoðanir eru í höndum lækna á sjúkradeild.


Á HWest Ísafirði er búnaður til helstu blóð- og sýklarannsóknna. Þar er einnig starfrækt myndgreiningarþjónusta þar sem hægt er að taka röntgenmyndir, tölvusneiðmyndir og gera ómskoðanir. Enginn röntgenlæknir er starfandi við stofnunina en úrlestur fer fram hjá myndgreiningarlæknum hjá Röntgen Domus og lesa þeir úr bráðatilfellum utan dagvinnutíma.

Helstu áskoranir í starfsemi HWest að mati stjórnenda eru mönnun sérfræðinga og þá helst sérfræðilækna. Stjórnendur hafa sent erindi þess efnis til landlæknis og til heilbrigðisráðherra. Fjárhagur og ört vaxandi kostnaður er einnig veruleg áskorun. Þess ber að geta að stofnunin er með mikla umsýslu í alls óskyldum rekstri sbr. að útvega húsnæði og bifreiðar fyrir starfsfólk sem kemur tímabundið til starfa og er stofnunin með 24 leiguíbúðir fyrir starfsfólk.

Gæði og öryggi

Gæða- og öryggismenning felur í sér sameiginleg gildi og viðhorf, sem ásamt skipulagi og stjórnun leiða til ákveðins vinnulags og hegðunarmynsturs varðandi öryggismál. Meginþættir hennar eru: þekking á gæða- og öryggismálum, skuldbinding og forysta við að tryggja öryggi notenda, samskipti, samstarf sem og skráning og úrvinnsla atvika. Þróuð gæða- og öryggismenning er fyrir hendi þegar gæði þjónustu og öryggi notenda heilbrigðisþjónustu er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin þjónustunni. Slíkt felur m.a. í sér að sífellt er unnið kerfisbundið að umbótum, hugað er að öryggi kerfislægra og mannlegra þátta og atvik eru nýtt sem námstækifæri. Enn fremur einkennist hún af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og notenda.

Landlæknir hefur lagt fram Áætlun um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu 2019 - 2030 sem staðfest er af heilbrigðisráðherra og gefur henni vægi á við reglugerð. Áætluninni er ætlað að vera leiðsögn til þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og hvernig þau geta uppfyllt þær kröfur. Þar kemur fram hvernig heilbrigðisstofnanir geta stöðugt fylgst með gæðum og öryggi þjónustunnar og brugðist við með umbótastarfi þegar þess gerist þörf. Í áætluninni eru fjórar meginstoðir: umbótaferli og stjórnskipulag, gæðavísar, skráning og úrvinnsla atvika og loks þjónustukannanir. Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 skulu heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðaðróun við gerð gæðaaætlana.



Mynd 6. Meginstoðir í Áætlun um gæðaðróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030.

Gæða- og umbótastarf

Álag á stjórnendur við að útvega starfsfólk til að manna stofnunina hefur að þeirra sögn bitnað á möguleikum þeirra til að sinna gæða- og umbótastarfi eins mikið og vilji stendur til. Vinna við starfsáætlun og stefnumótun stjórnenda í samvinnu við starfsfólk stofnunarinnar hófst á haustmánuðum 2025. Unnið er að ýmsum umbótaverkefnum innan HVest og sem dæmi má nefna nýlegar umbætur á fæðingarstofu og innleiðingu á [Lyfjavaka](#) sem er rafrænt lyfjaskráningakerfi. Einnig hefur verið gert staðlað og skjalfest ferli fyrir aðlögun lækna sem eru í tímabundnu starfi við HVest og einnig varðandi yfirfærslu ábyrgðar þegar þeir hætta störfum.

Gæðahandbók

Stofnunin hefur greiðan aðgang að rafrænum gæðahandbókum Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri og eru þær mikið notaðar. Verklagsreglur og vinnulýsingar sem eiga sérstaklega við HVest eru skráðar á sameiginlegum drifum og á innri vef stofnunarinnar. Þar hefur allt starfsfólk aðgang að viðeigandi skjölum. Sértek gæðaskjöl eru í umsjón deildarstjóra sem bera ábyrgð á því að þau séu uppfærð eftir þörfum og að starfsfólk hafi greiðan aðgang að þeim. Unnið er að því að samræma þessi gögn betur og bæta rafrænt aðgengi.

Verklagsreglur og vinnulýsingar eru kynntar starfsfólki þegar það hefur störf hjá stofnuninni, bæði í gegnum nýliðaferlið og í samtölum við deildarstjóra. Þegar nýjar eða uppfærðar verklagsreglur eru innleiddar ber deildarstjórum að kynna þær fyrir starfsfólki sinna deilda, ýmist á deildarfundum eða með sérstakri kynningu. Einnig er upplýsingum um breytingar miðlað með tölvupósti og tryggt að öll skjöl séu aðgengileg í sameiginlegum stafrænum kerfum. Ef verklagsreglur eru mjög sértækar eða krefjast sérstakrar þjálfunar er það á ábyrgð deildarstjóra að sjá til þess að starfsfólk geti tileinkað sér þær með öruggum hætti.

Gæðavísar

Í stefnu stofnunarinnar sem sett var fram fyrir 2020-2023 voru settir fram níu árangursvísar og markmið fyrir árið 2023. Endurskoðun árangursvísa og markmiða hefur tafist vegna áður nefndra forstjóraskipta en áætlað er að fara í þá vinnu fyrri hluta árs 2026 og verður fengin utanaðkomandi ráðgjöf í verkefnið.

Í viðtölum við starfsfólk kom fram að almennt þekkti starfsfólk ekki til gæðavísa sem stofnunin fylgist með. Starfsfólk þekkti þó til gæðavísa sem fylgst er með í fæðingþjónustu.

Skráning í sjúkraskrá

Á HWest er starfandi gæðastjóri skráningar og hefur hann eftirlit með skráningu í sjúkraskrá innan HWest. Við athugun embættisins í tengslum við úttektina kom fram að skráning í sjúkraskrá hjá HWest er almennt góð en þó er skráningu á kóðum ábótavant og skortur á samræmi í notkun kóða.

Atvikaskráning

Í lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 segir í 9. gr.: „Heilbrigðisstofnanir ... skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.“

Á HWest er skjalfest verklag um skráningu og úrvinnslu atvika. Atvik eru skráð í sjúkraskrárkerfið Sögu. Í verklaginu kemur fram að deildarstjórar eru ábyrgir fyrir skráningu og úrvinnslu atvika á sínum deildum og ber að yfirfara atvikaskráningu mánaðarlega og flokka atvik eftir alvarleika. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar yfirfara atvikaskráningu tvisvar sinnum á ári og vinna úr þeim upplýsingum skýrslu sem kynnt er fyrir framkvæmdastjórn í lok hvers árs. Í gæðaskjalinu/verklagsreglu um atvikaskráningu er ekki lýst þátttöku starfsfólks í úrvinnslu atvika né heldur kynningu á atvikum og niðurstöðu úrvinnslu þeirra t.d. á reglulegum atvikafundum. Í viðtölum við starfsfólk kom fram að öll alvarleg atvik væru skráð en óvissa var um í hvaða tilfellum ætti að skrá önnur atvik. Starfsfólk sagðist almennt ekki vera upplýst um niðurstöðu úrvinnslu atvika og ekki eru haldnir reglulegir atvikafundir á stofnuninni.

Helstu skráðu atvik á HWest eru föll/byltur og lyfjaatvik sem er sambærilegt við skráningu á landinu öllu. Embætti landlæknis hafa árin 2021-2025 borist tvær tilkynningar um alvarleg atvik hjá HWest.

Sjónarhorn notenda

HWest tekur þátt í þjónustukönnun ríkisstofnana. Niðurstöður sem birtar voru í mars 2025 sýna að meirihluti svarenda er ánægður með þjónustuna í heild. Einkunn fyrir viðmót starfsfólks bar þar hæst og var hún 4,5 af 5. Í opnum svörum kemur fram að svarendur eru almennt ánægt með þjónustuna og starfsfólki er oft hrósað, sérstaklega fyrir hlýlegt viðmót. Hins vegar lýsir fjöldi svarenda einnig yfir óánægju með tíðar breytingar á mönnun lækna og skort á föstum heimilislækni. Margir kvarta yfir því að þurfa sífellt að endurtaka sjúkrasögu sína við nýjan lækni og að eiga samskipti við lækna sem jafnvel skilja hvorki né tala íslensku.

Á HWest er skjalfest verklag um kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu. Árin 2020-2025 hafa embætti landlæknis borist fimm kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu HWest.

Mannauðsmál

Mönnun

Stjórnendur segja miklar áskoranir í mönnun heilbrigðisstarfsfólks og þá helst lækna. Í viðtölum við starfsfólk kom fram að það teldi skort á fagfólki vera helstu ógn við þjónustu HWest. Stofnunin hefur gert þarfagreiningu og sett fram þann fjölda stöðugilda sem stjórnendur telja að þörf sé fyrir innan hverrar heilbrigðisstéttar. Ef horft er til þeirrar greiningar stjórnenda er mönnun heilbrigðisstarfsfólks ekki í takt við þarfir en hins vegar er mönnun í flestum stéttum í takti við eða meiri en fjármögnuð stöðugildi eru. Stjórnendur hafa leitað út fyrir landsteinana vegna þess að hvorki hefur náðst að manna heilsugæsluna, skurðsvið né lyflæknissvið með læknum búsettum á Íslandi. Mikill tími stjórnenda fer í að manna stofnunina, halda utan um komur og brottfarir starfsmanna, leigja íbúðir, bóka bílaleigubíla og svo framvegis. Stofnunin hefur fækkað ráðningum læknanema til þess að geta sinnt handleiðslu vel þar sem mönnun sérfræðinga er af skornum skammti. Læknanemar vinna á sjúkradeild þar sem þeir eru undir handleiðslu sérfræðilæknis en eru ekki lengur ráðnir á heilsugæslu. [Í lok árs 2023](#) gerðu HWest, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri samning sín á milli sem þáverandi heilbrigðisráðherra staðfesti og kveður á um samkomulag um þjónustu sérhæfðs starfsfólks í heilbrigðisþjónustu. Markmiðið með samningnum er að tryggja mönnun starfsfólks í lykilstöðum heilbrigðisstétta á sjúkrahúsunum á Ísafirði og í Neskaupstað með aðstoð frá sérgreinasjúkrahúsunum, til lengri eða skemmri tíma. Samningurinn tekur til allra heilbrigðisstétta en einkum

lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, geislafræðinga og lífeindafræðinga. Samkvæmt stjórnendum HWest hefur gengið vel að fá heilbrigðisstarfsmenn aðra en lækna í tímabundnar afleysingar á grundvelli þessa samkomulags. Hins vegar hafa stofnanirnar ekki enn haldið fund líkt og kemur fram í samningnum að skuli gera. Samkvæmt stjórnendum HWest hafa upplýsingar um hvaða sérfræðiþekkingu vanti á stofnuninni verið sendar bæði til samningsaðila og til heilbrigðisráðuneytisins. Þá hefur forstjóri HWest boðað til fundar samningsaðila en ákveðið var að bíða með fund vegna þess að enn er óljóst hvernig á að fjármagna greiðslur til heilbrigðisstarfsmanna vegna samningsins.

Þegar úttektin fór fram voru tveir sérfræðilæknar búsettir á svæðinu, báðir í 100% starfshlutfalli og þar af í 40% starfi á sjúkradeild HWest. Annar þeirra var ráðinn tímabundið en hinn er í þremur stjórnunarstöðum og er allt í senn framkvæmdastjóri lækninga, yfirlæknir heilsugæslu og yfirlæknir sjúkradeildar ásamt því að sinna læknisstörfum á sjúkradeild og vaktþjónustu. Stöðugildi skurðlæknis við stofnunina hefur verið mannað með læknum í verktöku frá árinu 2022 en þegar úttekt embættisins fór fram hafði nýlega verið gengið frá fast-ráðningu skurðlæknis. Að auki er samningur í gildi við ákveðna sérfræðilækna um að veita reglulega sérfræðiþjónustu á HWest, t.d. kvensjúkdómalækna og hjartalækna. Öldrunarlæknir kemur einu sinni í mánuði og sinnir hjúkrunarheimilum á norðanverðum Vestfjörðum.

Á Patreksfirði er einn læknir starfandi á hverjum tíma og hefur verktakafyrirkomulag verið þar í mörg ár. Samið hefur verið við einn verktakalækni sem sér um að halda utan um mönnun á staðnum. Hann vinnur sjálfur u.þ.b. 20 vikur ári og sér svo um að útvega lækna þær vikur sem hann er ekki við störf. Þetta fyrirkomulag skapar ákveðna samfellu í þjónustu. Til að skapa betri samfellu í þjónustu á norðanverðum Vestfjörðum hefur HWest ráðið danska lækna sem starfa hjá stofnuninni í 6-12 mánuði í senn.

Stjórnendur HWest hafa ekki tekið út tölfræði varðandi starfsmannaveltu en segja hana almennt hafa verið litla þegar horft er til allra stöðugilda á sjúkrahúsinu. Þegar skoðuð sé mönnun lækna þá hafi veltan verið töluvert meiri. Frá janúar fram í október árið 2025 hafa 33 læknar og 9 sérnámsgrunns-læknar og sérnámslæknar í heimilislækningum starfað í 10 stöðugildum lækna á HWest.

Starfsumhverfi

Niðurstöður könnunarinnar *Stofnun ársins* um starfsumhverfi og þjónustu árið 2024 sýna að HWest stendur sig vel á lykilsviðum og hafa einkunnir stofnunarinnar verið hækkandi síðastliðin ár. Í niðurstöðunum kemur fram að hæstu einkunnir fengu þættirnir *ánægja og stolt* (4,31), *stjórnun* (4,28) *sjálfstæði í starfi* (4,27) og *sveigjanleiki í vinnu* (4,27). Lægstu einkunnir fengust í *launakjörum* (3,27), *vinnuskilyrðum* (3,78) og *ímynd stofnunar* (3,84).

Í viðtölum við starfsfólk kom fram að almennt sé starfsumhverfi og vinnustaðamenning góð. Góður stuðningur sé frá stjórnendum og starfsfólk fái endurgjöf og hrós fyrir sín störf. Yfirstjórn stofnunarinnar mætti þó vera sýnilegri og veita meiri endurgjöf. Þá kom fram að koma þyrfti á aðgangsstýringum til að auka öryggi og er samtal hafið við heilbrigðisráðuneytið varðandi fjármögnun.

Sí- og endurmenntun

Samkvæmt stjórnendum leitast stofnunin við að styðja við símenntun eins og kostur er. Deildarstjórar og framkvæmdastjórn sjá til þess að starfsfólk hafi aðgang að viðeigandi starfsþróun og jafnframt er starfsfólk hvatt til að koma með tillögur að fræðslu eða námskeiðum sem nýtast í starfi. Hjúkrunarfræðingar fá reglulega handleiðslu frá framkvæmdastjóra hjúkrunar og læknar njóta stuðnings og ráðgjafar frá framkvæmdastjóra lækninga. Á HWest er fjarkennsla notuð fyrir sérnámslækna í heimilislækningum og sérnámsgrunns-læknum. Nýtt starfsfólk fær markvissa þjálfun í starfi og kynningu á þeim vinnureglum og verklagi sem við á. Einnig er virkur samningur milli Landspítala og HWest varðandi símenntunarpláss fyrir hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og lækna sem fara til starfa á Landspítala í ákveðinn tíma. Flestir starfsmenn sögðu að hvatt væri til endurmenntunar af hálfu stjórnenda en skortur á afleysingu og fjarlægð frá Landspítala hefði takmarkandi áhrif.

Húsnæði og aðbúnaður

Ísafjörður

Samkvæmt stjórnendum er húsnæði á sjúkrahússins á Ísafirði almennt gott og hentar starfseminni ágætlega. Unnið er að endurbótum á matsal og stækkun á húsnæði röntgen- og rannsóknardeildar og verður sú breyting til mikilla bóta fyrir starfsfólk og starfsemina. Helsta áhyggjuefni starfsfólks og stjórnenda er að bæta þarf aðgangsstýringarmál á stofnuninni.

Patreksfjörður

Húsnæði HWest á Patreksfirði er komið til ára sinna og margt sem þarf að laga. Sem dæmi þá hefur í þó nokkurn tíma komið upp reglulega að rafmagn hefur slegið út á heilsugæslunni. Forstjóri HWest hefur verið í samskiptum við Fjársýsluna vegna þessa og úrbætur eru hafnar. Starfsfólk nefndi að fyrir löngu væri kominn tími á endurbætur á húsnæðinu og nefndi sérstaklega þrengsli á hjúkrunardeildinni, ekki væru sér salerni á öllum herbergjum og salerni á gangi væru þröng. Samkvæmt stjórnendum er í undirbúning mikil endurnýjun á húsnæðinu, verkefnið er komið af stað og er að hluta fjármagnað.

Mat embættis landlæknis

Líkt og víða í íslensku heilbrigðiskerfi er mönnun fagfólks ein helsta áskorun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Viðvarandi skortur er á læknum við stofnunina og mikill tími stjórnenda fer í að finna og ráða lækna til starfa. Slík aðkallandi verkefni fela í sér hættu á að önnur verkefni eins og stefnumótun, stjórnun og gæða- og umbótastarf sitji á hakanum og gæðum þjónustunnar sé þannig ógnað. Í kaflanum *Fólkið í forgrunni í Heilbrigðisstefnu – Stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030* er fjallað um gott og öruggt starfsumhverfi í heilbrigðisþjónustu og mikilvægi þess að tryggja mönnun með vel menntuðu, hæfu og áhugasömu starfsfólki. Stefnt er að því að árið 2030 hafi viðeigandi ráðstafanir verið gerðar af hálfu ríkisvaldsins til að tryggja mönnun heilbrigðisþjónustunnar og að mönnun heilbrigðisstofnana sé sambærileg við það sem best gerist erlendis, samræmist umfangi starfseminnar og tryggi gæði og öryggi.

Líkt og fram kemur í 6. grein [reglugerðar](#) um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa, nr. 1111/2020 ber forstjóra heilbrigðisstofnunar að tryggja að mönnun sé í samræmi við hlutverk heilbrigðisstofnunarinnar. Ekki hefur þó verið starfandi svæfingalæknir við HWest og er það áhyggjuefni að mati embættis landlæknis. Ónóg mönnun lækna getur haft í för með sér að annað fagfólk taki á sig verkefni og ábyrgð, án þess að hafa til þess næga þekkingu. Taka verður tillit til þessa við flokkun HWest sem fæðingarstaðar og jafnframt þegar ákveðið er hvaða valaðgerðir eigi að framkvæma þar.

Heilbrigðisumdæmið er bæði mjög veðrasamt og nokkuð einangrað og langt er í næstu lækniþjónustu. Samgöngur geta að auki verið erfiðar og á veturna myndast endurtekið þær aðstæður að hvorki er hægt að koma sjúklingum akandi né með flugi á Landspítala. Því er mikilvægt að þekking og geta til að sinna bráðum veikindum og fæðingum sé tiltæk á heilbrigðisstofnuninni. Embætti landlæknis telur mikilvægt að skýra hlutverk HWest og tryggja mönnun, m.a. sérfræðilækna, í samræmi við skilgreint hlutverk þannig að gæði og öryggi sé tryggt.

Mikil starfsmannavelta lækna og skortur á fagfólki líkt og um ræðir hjá HWest getur að mati embættis landlæknis orðið til þess að erfitt verður að halda skipulagi og vinna að umbóta- og gæðastarfi. Við slíkar aðstæður er hætt við að stjórnendur þurfi í miklum mæli að sinna klínískri vinnu sem veldur því að lítill sem enginn tími verður til umbótastarfs. Einnig getur reynst erfitt fyrir fagaðila að fá afleysingar í klínískri vinnu og hafa þeir þá síður tækifæri til þess að taka þátt í sí- og endurmenntun. Það er umhugsunarvert að stofnunin sé með 24 íbúðir á leigu fyrir starfsfólk sem kemur í tímabundin störf og að stjórnendur þurfi að sinna umsýslu tengt því.

Í heild sýna niðurstöður þjónustukönnunar að HWest nýtur trausts meðal notenda þjónustunnar en að notendur hafa áhyggjur af óstöðugleika í mönnun lækna og tungumálaerfiðleikum í samskiptum milli sjúklinga

og heilbrigðisstarfsfólks af erlendum uppruna. Samskipti og teymisvinna eru nauðsynlegir þættir heilbrigðisþjónustu og vandamál þar að lútandi geta haft neikvæð áhrif á gæði og öryggi þjónustunnar. Stjórnendur þurfa áfram að leita allra leiða til þess að tryggja föst ráðningartengsl við sérfræðilækna, bjóða starfsfólki íslenskukennslu og tryggja viðeigandi túlkajónustu. Þá mætti jafnframt þýða helstu gæðaskjöl og stuðla að aukinni íslenskukunnáttu starfsmanna með betra aðgengi að íslenskunámskeiðum t.d. á vinnutíma. Mikilvægt er að unnið sé áfram með niðurstöður þjónustukannana, þær nýttar til umbóta og til mats á árangri umbóta.

Í úttektinni komu fram upplýsingar um gæðastarf sem unnið hefur verið undanfarið hjá HWest. Embættið hvetur stjórnendur til þess að lyfta því starfi enn frekar með því að stofna formlega umbótahópa. Slík umgjörð utan um gæðastarf eykur sýnileika þess og gefur einnig betri möguleika á því að fylgja eftir og meta árangur af vinnu slíkra umbótahópa. Einnig bendir embættið á mikilvægi þess að gæðaskjöl séu sett upp með stöðluðum hætti og má þá horfa t.d. til [leiðbeininga Landspítala við gerð gæðaskjala](#).

Skráning alvarlegra atvika er í góðum farvegi á stofnuninni en bæta þarf skráningu á öðrum atvikum sem verða í starfseminni. Auka þarf þekkingu starfsfólks á tilgangi og virði atvikaskráningar. Öll atvik ber að skrá, auka þarf aðkomu starfsfólks að úrvinnslu atvika og bæta þarf upplýsingagjöf til starfsfólks um þau atvik sem eru skráð, úrvinnslu þeirra og umbætur sem gerðar eru í kjölfar atvika.

Öflugt starf er unnið innan heilsugæslunnar en efla mætti enn frekar formlegar hjúkrunarmóttökur líkt og stofnunin hefur í undirbúningi varðandi heilsueflandi móttökur.

Mikilvægt er að skoðað sé hvernig hægt sé tryggja áframhaldandi tannlæknaþjónustu fyrir einstaklinga með fötlun og þá sem þurfa á svæfingu/slævingu að halda fyrir inn grip tannlækna. Ef ekki er hægt að fá þessa þjónustu á Vestfjörðum getur það skapað mikið óhagræði fyrir einstaklinginn sem þarf þá að ferðast til Reykjavíkur til þess að fá þessa þjónustu og skapar það bæði álag á einstaklinginn sem og kostnað. Bendir embættið einnig á að fram kemur í [lögum nr.38/2018](#) um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir að einstaklingur með fötlun á rétt á þjónustu þar sem hann kys að búa og á lögheimili. Almennt séð bera heilbrigðisstofnanir ekki ábyrgð á veitingu tannlæknaþjónustu en engu að síður telur embættið rétt að vekja athygli á þessari stöðu þar sem málið kom til umræðu í úttektarheimsókn embættisins og mun fyrir sitt leyti einnig senda erindi til Heilbrigðisráðuneytisins um mikilvægi þess að tryggja aðgengi að þessari mikilvægu þjónustu.

Fram kom að stofnunin hefur ekki unnið gæðauppgjör undanfarin ár. Nauðsynlegt er að fá betra yfirlit yfir gæði og öryggi þjónustunnar og hvetur embætti landlæknis stjórnendur og starfsfólk til að vinna markvisst að gæðastarfi, beina umbótastarfi þangað sem þörf er á og hafa [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) til hliðsjónar við gæðauppgjörið.

Við skoðun gagna sem HWest sendi embætti landlæknis fyrir úttektina sást að skráningu í sjúkraskrá er í sumum tilfellum ábótavant og ekki í samræmi við fyrirmæli embættisins um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu. Er oftast um að ræða skort á skráningu á meðferðarkóðum en einnig er ósamræmi í notkun meðferðarkóða. Þetta getur skýrst af því hversu tíðar mannabreytingar eru hjá HWest og er mikilvægt að tryggja stöðlun í skráningu kóða í sjúkraskrá t.d. með leiðbeiningum í gæðaskjöllum og kynningu á þeim meðal starfsfólks.

Húsnæði HWest á Ísafirði er að mörgu leyti gott þrátt fyrir að það sé komið til ára sinna. Mikilvægt er að koma á aðgangsstýringum og merkja húsnæðið þannig að vegfarendur eigi auðvelt með að finna stofnunina. Embættið leggur einnig áherslu á að unnið sé að úrbótum hið snarasta á rafmagni í húsnæði stofnunarinnar á Patreksfirði þar sem rafmagn fer oft af og getur skapað mikla öryggisógn.

Ábendingar embættis landlæknis

1. Áfram þarf að leita allra leiða til þess að styrkja fagmönnum stofnunarinnar og þá sérstaklega mönnum lækna.
2. Alltaf ætti að bjóða upp á tulkþjónustu ef heilbrigðisstarfsmaður og/eða sjúklingur talar ekki íslensku.
3. Leita þarf leiða til þess að tryggja reglulega þjónustu tannlæknis á Vestfjörðum fyrir einstaklinga með fötlun og þá sem þurfa á svæfingu/slævingu að halda fyrir tannviðgerðir.
4. Bæta þarf enn frekar umgjörð um það umbótastarf sem unnið er á stofnuninni.
 - a. Hafa þarf í huga við gerð gæðaskjala að þau séu sett upp með stöðluðum hætti t.d. með tilgreindan ábyrgðarmann, dagsetningu síðustu endurskoðunar og vísað sé í heimildir þegar við á.
 - b. Íhuga mætti að hafa formlega umbótahópa með skýra verkefnisáætlun sem hægt er að meta árangur af.
 - c. Bæta upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi breytingar og gæða- og umbótastarf sem er í gangi hverju sinni.
5. Skráning atvika og úrvinnsla þeirra sé kynnt fyrir starfsfólki með það að leiðarljósi að auka meðvitund um umbætur sem þarf að vinna að. Úrvinnsla þarf að vera markviss sem og eftirfylgni þannig að umbætur eigi sér stað.
 - a. Reglulegir atvikafundir eru góð leið til þess, einnig er hægt að upplýsa um tölfræði atvika t.d. í föstudagspósti stjórnenda.

Tilmæli embættis landlæknis

1. Stofnunin skal, líkt og kemur fram í [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu](#), gera gæðauppgjör árlega sem byggir á þeim lykilþáttum sem nefndir eru í áætluninni og sýnir árangur hvað snertir gæði og öryggi þjónustunnar.
2. Styðja þarf markvisst við yfirstjórn, stjórnendur og starfsfólk til að breytingar og umbótavinna sem í gangi er skili árangri.
3. Tryggja þarf að til staðar sé rétt fagþekking til þess að hægt sé að viðhalda þeirri þjónustu sem sjúkrahúsið á að veita. Ef það tekst ekki þarf sjúkrahúsið að miða þjónustu sína við þá þekkingu sem er til staðar.
4. Koma þarf upp aðgangsstýringu á stofnuninni til þess að tryggja öryggi sjúklinga og starfsmanna.
5. Tryggja þarf að skráning í sjúkraskrá sé samkvæmt [fyrirmælum landlæknis um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu](#).
6. Tryggja þarf að húsnæði á Patreksfirði standist öryggiskröfur varðandi rafmagn, að til staðar séu viðbragðsáætlanir og starfsfólk þekki til þeirra.

Embætti landlæknis mun fylgja eftir framangreindum tilmælum og ábendingum. Óskað er eftir úrbótaáætlun frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða eigi síðar en 15. apríl 2026 og framgangsskýrslum 15. ágúst 2026 og 15. janúar 2027.